



Áramótablað

2008



Jöklar í USA • Björgunarsveitarmenn á skytterii
Hættur á Hagafellsjökli • Hvað er Tetra • Útköll 2008

*Félagar Björgunarfélags Akraness senda samborgurum sínum
bestu jóla og áramótakveðjur
Þökkum kærlega veittan stuðning*

Áramótaávarp

Ásgeir Örn Kristinsson formaður Björgunarfélags Akraness

Ungur nemur gamall temur.

Þegar skipulögð björgunarstarfssemi á starfssvæði Björgunarfélags Akraness á áttatíu ára afmæli, veltir maður ósjálfrátt fyrir sér upphafinu. Því umhverfi sem gat af sér þessa hugsjón og lagði grundvöll að starfi sem Íslendingar eru frægir fyrir víða um heim. Landsmenn urðu að sækja sér björg í bú hvernig sem veður voru. Þeir sem réru til fiskjar að morgni voru ekkert vissir um að þeir gætu komið að landi á sama stað að kvöldi. Margar frásagnir eru af sjómönnum af Akranesi sem leituðu lands á Suðurnesjunum eða vestur á Mýrum, allt eftir því hvernig vindar blésu. Sveitasamfélagið var á sama hátt tilbúið til að skjóta skjólshúsi yfir ferðalanga sem voru á stuttum ferðum milli bæja eða landshorna á milli. Þetta þótti sjálfsgagt og vart til frásagnar. Langar voru þær stundir og dagar sem ekkert fréttist af ferðalöngum eða sjómönnum. Fjölskylda og vinir biðu milli vonar og ótta eftir fréttum af sínu fólki. Hvort það hefði náð landi, komist í húsaskjól undan veðri. En um þetta þýddi lítið að tala, störf til lands og sjós voru forsenda lífs á landinu. Fæðuöflun hvernig sem viðraði.

Það kom að því að íbúar landsins neituðu að líta á þetta sem sjálfsgaðan hlut. Einstaklingar eins og séra Jón M. Guðjónsson prestur að Görðum á Akranesi, lögðu í það brautryðjendastarf að stofna björgunarsveitir á Akranesi og víðar. Fékk hann með sér lið vaskra karla og kvenna og þann 14. desember 1928 var stofnuð slysavarnaeildin Hjálpin á Akranesi. Mikil hreyfing var um allt land til þessara verka á sama tíma, samskonar félög voru stofnuð í hverju sjávarplássinu á fætur öðru, um landshreyfingu var að ræða. Slysavarnafélag Íslands var stofnað þetta sama ár.

Á Akranesi var strax hafist handa við að safna peningum til að afla búnaðar og eins var það skoðað með hvaða hætti mætti koma að uppfræðslu til bæði sjófarenda og björgunarmanna til að fækka slysum og bæta árangur við bjarganir.

Núna áttatíu árum seinna rennum við þá sömu slóð og mörkuð var af forverum okkar í þessu starfi. Enn er þörf, fólk slasast, týnist, er bjargað af samferðafólki eða björgunarfólki sem til er kallað. Við berum mikla virðingu fyrir mannlífínu, leggjum mikið af mörkum til þess að allir komist heilir heim úr sínum ferðum.

Grunnstöð björgunarstarfsseminnar, sjálfbóðaliðastarf- ið stendur styrkum fótum. Í öllu því fári sem gengið hefur yfir íslenskt samfélag undanfarin ár og náði hámarki með falli bankana, höfum við markvisst hlúð að því. Það að fá að gera það sem við höfum mikinn áhuga á, og allir bera mikla virðingu fyrir, er besta borgunin. Í góðærinu

höfum við endurnýjað og bætt við búnaði með peningum sem við vorum búin að vinna fyrir en ekki keypt út á krít. Björgunarsveitin hefur aldrei verið sterkari, með frábæran mannafla, vel menntaðan og vel tækjum búinn. Tilbúin til að mæta öllum þeim verkefnum sem okkur er treyst fyrir.

Fólkið í samfélaginu hefur heldur ekki látið sitt eftir liggja. Um síðustu áramót flyktist fólk til okkar í flugelda-söluna til að styðja við okkar starfssemi. Neyðarkallinn sem við seldum á haustmánuðum hefur aldrei fengið betri móttökur. Viðhorfið sem mætti okkur við þessi tækifæri sannaði enn og aftur að við erum á réttri leið, klapp á bakið og hrós er til jafns við stuðning í formi peninga.

Þetta starfsár hefur verið nýtt vel. Stór hópur af ungu fólki hefur verið í þjálfun hjá okkur. Þar er lögð áhersla á ósérhlifni hvort heldur í sjálfbóðavinnu eða þjálfun lík- ama og hugar. Framboð og gæði námskeiða eykst og mikil áhersla er lögð á að senda ekki fólk til leitar nema það hafi hlotið þjálfun til verka. Til að ná árangri í leitinni og eins til að hafa líkamlegt og andlegt úthald til að ganga til verka í hvaða veðri sem er. Það er ábyrðarmál að senda ungt og óharnað fólk út í óblíða íslenska náttúru en góð kunnátta og úthald tryggir ekki síður örugga heimkomu. Eitthvað sem er sjálfssagt mál.

Stærsta verkefni okkar þetta starfsár í búnaðarmálum er innleiðing Tetra fjarskipta. Stórt skref var tekið með kaupum á 21 Tetratalstöð. Þrátt fyrir niðurfellingu á sköttum kostar þetta milljónir en kostir þessarar tækni eru ótvíræðir fyrir okkar starf. Hægt er að fylgjast með hreyfingum allra talstöðva á Interneti, skoða staðsetningu með tilliti til skipulagningar og eins er öryggi leitarmanna meira ef eitthvað bjátar á. Einnig tóku kafararnir okkar í notkun sérstakan neðansjávarsónar af tegundinni Hummingbird 1197. Búið þrívíddarkorti Navion frá Friðriki A. Jónssyni teiknar tækið upp hafsbótinn.



Á Hvannadalshnjúk

Tækið greinir allt að 1 cm mishæð sem gerir notandanum kleyft að skoða hafsbótinn jafnvel betur heldur en með neðansjár myndavél, því að tækið bendir á mishæðir og gerir björgunarmönnum mögulegt að greina hvort um sé að ræða það sem leitað er að. Búnaðurinn sem samanstendur af tæki með stórum skjá annarsvegar og hinsvegar botnstykki sem komið er fyrir neðan á báti er fær- anlegur þannig að auðvelt er að fara með hann hvert sem er. Þessi búnaður er gjöf frá félagsskap á Akranesi sem ekki vildi láta nafns síns getið. Viljum við nota tækifærið hér og færa þeim okkar bestu þakkir.

Áherslur í starfinu eru á útivist, að kynnast landinu okkar og náttúrunni. Þjálfarinn í að ferðast og þola þau veður sem geta skolið fyrirvaralaust á. Ferðir í Kerlingarfjöll, á Hvannadalshnjúk og um Langjökul eru dæmi úr starfinu. Þekkingu örnefni og áttir, gista í gangna- mannakofum og læra um gamlar þjóðleiðir ásamt því að hlusta á mergjaðar draugasögur.

Fyrirtæki í samfélaginu eru sér meðvituð um gagn- semi starfsemi okkar. Elkem Island sem á og rekur járn- blendiverksmiðjuna á Grundartanga sá ástæðu til að setja sig í samband við okkur til að leggja okkur lið. Tugir liðsmanna Björgunarfélags Akraness hafa unnið þar í gegn um 30 ára starf verksmiðjunnar. Starfsemin þar hefur notið góðs af þeirri þekkingu sem þessir einstak- lingar hafa sem þjálfarir björgunarsveitamenn. Gerður var þriggja ára samstarfsamningur sem kveður á um fjár- framlag ásamt öðru. Þetta er okkur mikil viðurkenning á starfinu ásamt hvatningu til áframhalds.

Síminn gekk til samstarfs við björgunarfélagið á árinu. Miklar breytingar eru að verða á langdrægum farsímakerf- um. Gamla NMT kerfið er að detta út. Síminn býður upp

á langdrægt 3G kerfi sem mun henta okkur vel við þær aðstæður sem við vinnum við. Okkur þótti því vel við hæfi að skella okkur með í hópferð starfsmanna Símans á Hvannadalshnjúk síðastliðið vor. Tókum þar stjórnarfund í beinni, en hluti stjórnarinnar var heima á Akranesi og horfði á hina í beinni útsendingu af Hnjúknum. Í fram- haldi var skrifað undir samning milli B.A. og Símans.

Einnig var gerður samstarfsamningur við Sportís sem er söluaðili á Cintamani fatnaði. Þetta gefur félögum björgunarfélagsins tækifæri á að kaupa hágæða útivist- arfatnað á mun lægra verði. Við kaupum allan okkar útivistarfatnað sjálf en hann er lykinn að öryggi okkar í vondum veðrum.

Þessum aðilum eru færðar enn og aftur bestu þakkir fyrir framlagið.

Síðan eru það allir hinir.

Á hverju ári eru fjölmargir sem leggja sitt af mörkum með ýmsum hætti til rekstrar björgunarsveitarinnar okkar. Í formi peninga, vinnu, lána á tækjum, aðstöðu, vinnuveitendur með fríi úr vinnu, hvatningar og gjafa. Án þessa alls höldum við þessu ekki úti. Ábyrd okkar sem reukum þennan félagsskap er mikil, okkur er treyst fyrir fjármunum gefnum af góðum hug til góðra verka og eins er okkur treyst fyrir fólki sem við kveðjum til verk- efna, mishættulegra til sjós og lands. Við þökkum þetta traust.

Lesandi góður.

Félagar Björgunarfélags Akraness óska öllum gleðilegra jóla, árs og friðar. Þökkum samstarfið á liðnu ári.



Ásgeir formaður B.A. og Friðrik Alfredsson þjónustustjóri hjá Símanum handsala samning á Hvannadalshnjúk

Björgunarkall Björgunarkarl

Ingibjörg Pálmadóttir, hjúkrunarfræðingur

Þegar ég mætti ungum sölubörnum nú í haust sem voru að selja fyrir Björgunarfélag Akraness, litla björgunarkarla, var nauðsynlegt að kaupa fleiri en einn. Því ef um björgunarkall, ég meina alvöru útkall er að ræða, þurfum við marga karla og konur til að svara kalli.

Það er óhætt að segja, að við erum lánsöm að eiga svo stóran hóp, sem raun ber vitni, af vel þjálfaðu fólki, sem er tilbúið að leggja út í óvissuna, til að freista þess að koma til hjálpar þegar menn lenda í slysum eða ófærum á sjó eða landi. Í dag búum við svo vel, að stór hópur vaskra ungmenna er tilbúinn að þjálfa sig hjá þeim eldri, sem hafa viðtæka reynslu af hjálparstarfi. Þetta er óendanlega dýrmætt fyrir samfélagið að geta reitt sig á slíkan hóp.

Nú í desember eru áttatíu ár liðin síðan nokkrir Skagamenn tóku höndum saman og stofnuðu Slysavarnadeildina Hjálpinu hér á Akranesi, sem er undanfari þeirra björgunarfélaga sem á eftir komu. Í byrjun einbeittu menn sér fyrst og fremst að björgun úr sjávarháska, en þá höfðu mörg hræðileg slys orðið hér í brimrótinu. Strax var hafin söfnun fyrir björgunarbát og öðrum tækjum sem til hjálpar gætu komið. Allar götur síðan hefur einn tekið við af öðrum og haldið uppi merkinu, og verið reiðubúinir að leggja út í óvissuna bæði á sjó og landi. Allar aðstæður hafa mikið breyst á þessum árum, öll tækni og búnaður er annar og öruggari. Alltaf er þó það sama sem gildir, það er maðurinn sjálfur, staðfastur vilji hans til að gera sitt besta, og löngun hans til að koma til hjálpar. Ekki er sjálfgefið að fólk sé tilbúið að gefa ómælda vinnu sína, en það er auðvitað undirstaða þess, að hægt sé að reka björgunarsveitir af myndarskap í svo litlu samfélagi.

Nú á tímum, þegar efnishyggjan hefur tröllriðið, er það gott umhugsunarefni, og um leið mikið þakkarefni, að björgunarsveitin okkar hefur ávallt haldið sínu striki, tilbúið í sjálfböðavinnu, og þess vegna getur það hnarrreist haldið upp á stórafmæli sitt.

Laun heimsins eru stundum vanþakklæti, en engin laun geta verið stórkostlegri en að koma til hjálpar, þar sem enga hjálp virtist vera að fá. Þess vegna hlýtur starf björgunarmanna, þrátt fyrir að geta verið erfitt, að gefa mikið í staðinn, þegar árangur erfðisins er að bjarga mannlífi.

Reynslan sem ungmennin fá í þessu starfi, er góður skóli fyrir lífið.

Um leið og ég þakka Björgunarfélaginu fyrir öll sín störf, fólkinu í landinu til heilla, segi ég til hamingju á þessum merku tímamótum í sögu ykkar, og megið þið lengi lifa. Við ykkur sem þessar línur lesið minni ég ykkur á að versla við Björgunarfélag Akraness, það er okkar hagar.



Útköll 2008

Janúar 2008

Leit að ungum dreng

01.01.2008 21:25:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 01 Svæði 02 Svæði 03 Svæði 04

Landsstjórn - Óveðursvakt 21-22. jan

21.01.2008 23:11:00 - Aðstoð á landi - Svæði 01 Svæði 02 Svæði 03 Svæði 04 Svæði 05 Svæði 06 Svæði 07 Svæði 08 Svæði 09 Svæði 10 Svæði 11 Svæði 12 Svæði 13 Svæði 14 Svæði 15 Svæði 16 Svæði 17 Svæði 18

Óveðursútkall á Svæði 4

25.01.2008 07:27:00 - Aðstoð á landi - Svæði 04

Óveðursútkall á Akranesi

27.01.2008 11:41:00 - Aðstoð á landi - Svæði 04

Bátur vélarvana fyrir utan Þormóðursker.

30.01.2008 09:23:00 - Aðstoð á hafsvæði - Svæði 04

Bíll utanvegar.

31.01.2008 05:30:00 - Aðstoð á landi - Svæði 04
Neyðarlinan hefur samband við formann vegna bílstjóra sem misst hafði bíl sinn útaf við Hagamel á Þjóðvegi 1.

Febrúar 2008

Ófærðaraðstoð á Vesturlandi

07.02.2008 09:39:00 - Aðstoð á landi - Svæði 04

Bíll útaf stutt frá Fiskilæk

07.02.2008 20:04:00 - Aðstoð á landi - Svæði 04

Bíll útaf stutt frá Fiskilæk

Óveðursaðstoð svæði 4

08.02.2008 17:49:00 - Verðmætabjörgun - Svæði 04

Aðstoð við 4 menn í Esju

09.02.2008 18:59:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 01 Svæði 04

Leit að björgunarbát

16.02.2008 21:00:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 04

Áramótablað

1. tbl. - 5. árg. - Desember 2007

Útgefandi: Björgunarfélag Akraness

Ábyrgðarmaður & ritstjóri: Ásgeir Örn Kristinsson

Prófarkalestur: Anna Leif Elíadóttir og Kjartan Kjartansson

Myndir: Magnús Karl Gylfason og Belinda Eir Engilbertsdóttir og fleiri

Forsíðumynd: Björgunarsveitarmenn á siglingu

Umbrot og prentun: Prentmet Vesturlands

Flugeldamarkaður

Björgunarfélags Akraness
Kalmannsvöllum 2

Opnunartími

Sunnudaginn 28. des. kl. 10-22

Mánudaginn 29. des. kl. 10-22

Þriðjudaginn 30. des. kl. 10-22


Gamlaársdag 31. des. kl. 10-16

Þrettándinn 6. jan. kl. 12-18

Flugeldasýning

við tjaldsvæðið í Kalmannsvík
Sunnudaginn 28. des.
kl. 20:00

Eingöngu verður skotið upp vörum sem
almenningur getur keypt og eru til
sölu hjá Björgunarfélaginu



ALDREI MEIRA ÚRVAL FLUGELDA

FJÖRUGIR FJÖLSKYLDU PAKKAR



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA


SIYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

– berst fyrir lífi þínu

Björgun áráðótta



RAKETTUR

KAPPATERTUR
Gisli er svakalegur

HANDBLYS

BRENNUGOS

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Troðfullir sölustaðir um allt land



FJÖLSKYLDUPAKKAR



BARDAGATERTUR

Flugeldasalan er ein mikilvægasta fjáröflun björgunarsveitanna. Sýnum stuðning í verkil!



SLYSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG

Notum alltaf flugeldagleraugu!

Kveðja frá Slysavarnadeild kvenna Akranesi

Anna Kristjánsdóttir

Formaður Slysavarnadeildar kvenna Akranesi

Um jól og áramót lítur maður oft til baka og fer yfir árið sem er að kveðja. Ég ætla hér í þessum pistli að gera það. Þetta ár hefur verið gott í starfsemi Slysavarnadeildarinnar á Akranesi, við höfum tekið okkur ýmislegt fyrir hendur og reynt að láta gott af okkur leiða hér í bæjarfélaginu okkar. Mig langar að byrja á því að þakka öllum þeim sem hafa stutt okkur.

Í febrúar á aðalfundi deildarinnar færðum við Björgunarfélaginu peningagjafir, það voru 250.000 í bílasjóðinn og 250.000 til styrktar unglíngadeildinni Arnes. Við vitum að þessir peningar komu að góðum notum í starfseminni hjá þeim. Það er ánægulegt að geta þannig stutt við bakið á góðu starfi sem unnið er í Björgunarfélagi Akraness.

Hjóladaðurinn var haldinn við Grundaskóla í maí í vor. Þessi dagur er orðin fastur liður í starfsemi okkar. Að hjóladeginum standa Slysavarnadeildin, Brekkubæjarskóli, Grundaskóli, Rauði krossinn og Lögreglan. Einarsbúð hefur í mörg ár stutt okkur og gefið Svala handa krökkunum. Verkaskipting hefur verið í föstum skorðum og mjög ánægjulegt hvað vel hefur tekist til. Krakkarnir eru duglegir að mæta, taka þátt í hjólaþrautum, láta skoða hjólin og stilla hjálmana. Í lokin er svo happdrætti og spjallað um öryggisbúnað á hjólum og mikilvægi þess að hafa þetta allt í lagi. Það er líka gaman að sjá hvað það eru alltaf fleiri og fleiri sem telja það sjálfsagðan hlut að vera með hjálm og hann fylgir hjólinu og þar á ég við fólk á öllum aldri.

Í september fóru sex konur úr deildinni á Kvennaþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þingið var haldið í Vestmannaeyjum og þar voru saman komnar um 160 konur víðsvegar af landinu. Þar var farið yfir stöðu

deildanna og kom berlega í ljós allur sá kraftur og það mikla starf sem unnið er í deildunum út um allt land. Það var mikið fjör í Eyjum og á laugardagskvöldinu var haldin heljar mikil Grease hátíð þar sem konur mættu í allavegana búningum og voru með fjölbreytt skemmtiatriði. Frábær helgi í alla staði.

Í október færðum við Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum hjólastól að gjöf. Þessi stóll er hugsaður fyrir þá sem hafa t.d. misst fót eða eru á einhvern hátt hreyfihamlaðir. Viðkomandi getur þá notað stólinn og keyrt sér sjálfur á leið sinni frá búningssklefa og út að sundlaug. Stóllinn á að auka öryggi viðkomandi og minnka hættuna á því að detta í búningssklefanum eða á leiðinni út í laug. Það er von okkar í deildinni að þessi stóll eigi eftir að koma að góðum notum í Íþróttamiðstöðinni.

Núna í haust höfum við gefið öllum nemendum í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla endurskinsmerki. Einnig gáfum við öllum börnum í leikskólunum á Akranesi merki. Þessi merki erum mismunandi að lit og lögun og henta þannig öllum aldri. Krakkarnir eru mjög dugleg að nota merkin og erum við ánægðar með það.

Núna fyrir jólin höfum við verið að úbúa leiðisgreinar og krossa sem verða seldir samhliða jólatrjáasölunni hjá Björgunarfélaginu. Þetta er skemmtileg vinna sem þjappar hópnum okkar saman hefur verið góð fjáröflun í starfsemi okkar undanfarin ár og vonum við að það verði einnig núna.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru en til viðbótar get ég nefnt sjómannaþing, félagsvistina yfir veturinn, leigu á húsinu okkar og fleira. Mig langar samt í lokin að nefna að í vor fórum við slysavakonur í óvissuferð með Björgunarfélaginu. Þeir keyrðu með okkur um sveitir Borgarfjarðar. Þetta var skemmtilegur dagur og þjappaði saman hópnum. Strákar, takk fyrir okkur.

Þetta var skemmtilegur dagur og þjappaði saman hópnum. Strákar, takk fyrir okkur.

Að síðustu langar mig að minna á nokkur atriði:

Að skipta um rafhlöður í reyskynjurunum.

Gætum vel að kertaskreytingum og kertaljósnum almennt.

Notum hlífðargleraugu þegar við notum flugelda.

Notum endurskinsmerki.

Og umfram allt verum góð hvert við annað.

Megið þið eiga góð og slysaus jól og áramót.



Frá móttöku á styrk frá Slysavarnadeild kvenna á Akranesi




Starfsfólk Kaupþings óskar landsmönnum gleðilegrar hátíðar



Húsmiðjan í heimabyggð


27 verslanir um land allt

Óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári
með þökk fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.





HÚSMIÐJAN





ALDREI MEIRA ÚRVAL FLUGELDA

SVAKALEGIR BARDAGAR



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



– berst fyrir lífi þínu



Allan ársins hring eru yfir 2000 manns til taks fyrir þig!

Í björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru ríflega 2000 sjálfbóðaliðar sem leggja fram árlega meira en 650 þúsund vinnustundir. Fólk úr öllum starfsgreinum sem er tilbúið að standa upp frá vinnu sinni eða fara úr fríi hvenær sem er – þegar kallið kemur.

Þetta fólk leggur fram 1780 klukkustundir að meðaltali á dag á hverju ári – allt ólaunað! Þennan hóp og landsmenn alla skiptir miklu máli að til taks séu tæki sem geta tekist á við þær erfiðu aðstæður sem upp geta komið í íslenskri náttúru, eins og við höfum rækilega verið minnt á undanfarið.

Þú getur stutt á öflugan hátt við björgunarstarfið með því að kaupa flugeldana af okkur því flugeldasalan heldur okkur gangandi.



**FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA**

Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.

Það hvessti á Leggjjarbrjót

Gunnar Agnar Vilhjálmsson

Eftirminnileg ferð.

Þeir sem taka þá dýrmætu ákvörðun að hefja starf í björgunarsveit verða sjaldnast sviknir af þeirri upplifun sem sveitin kann að veita. Alls konar fólk mætir á sinn fyrsta fund hvert haust, margt hvert grunlaust um hvers konar starf býður þeirra. Björgunarsveitirnar bjóða uppá viðtæka þjálfun sem snýr m.a. að ferðamennsku til fjalla. Þessi þjálfun er veigamest fyrstu tvö árin er verður svo jöfn og þétt í gegnum árin sem viðkomandi starfar með sveitinni. Fyrstu tvö árin í björgunarsveitinni minni á Skaganum einkenndust af mörgum fjallaferðum, bæði í nágrenni Akraness og víða um land. Fórum við félagarnir í ferð eftir ferð og á þessu tímabili virtust flestar helgar draga okkur úr bænum og til fjalla. Margar ferðanna eru ennþá í fersku minni en þó sérstaklega ein, þar sem öll þessi þjálfun sem við höfðum fengið fyrstu tvö árin í sveitinni skar úr um það hvort við kæmumst allir til byggða.

Opnir dagar í FVA voru að renna upp í febrúar 1997. Þessi kjarni í FVA sem tilheyrði Hjálparsveitinni hafði fengið leyfi nemendaráðsins til að blása til fjallaferðar í Botnsúlur í tilefni opinna daga. En það hafði verið siður á opnum dögum að nemendur skráðu sig í hinar ýmsu ferðir á vegum skólans til að fá tilbreytingu frá hversdagsleikanum. Margar ferðir voru í boði og daginn sem leggja átti í hann kom í ljós að níu ferðalangar voru skráðir í fjallaferðina. Ferðalangarnir voru allir félagar í Hjálparsveit skáta á Akranesi nema tvær stúlkur sem komu úr Björgunarsveitinni Brák í Borgarnesi. Ferðinni var heitið inn í Botnsdal þar sem gengið var af stað upp á Leggjjarbrjót. Nýfallinn snjór gerði það að verkum að ferðin sóttist eitthvað seint og gekk okkur heldur bröslulega þarna þar sem við gengum í snjó upp að hné. En áfram héldum við ótrauð og komumst loks inn í mynni Súlnadals, eftir að við höfðum létt bakpoka einhverra úr hópnum. Veður var skaplegt og nú fór að stytast í skálann Bratta, sem átti að vera okkar húsaskjól um nóttina. Bratti er gamall fjallaskáli í botni Súlnadals. Seinnipart dags komum við svo að skálanum, fótisár sum eftir að hafa gengið hálfan daginn en allir með bros á vör eftir góðan



dag á fjöllum. Inní skálanum tóku hin hefðbundnu störf við. Kveikt var upp í kabyssunni sem tók alltaf dágóðan tíma og í kjölfarið hófst eldamennskan. Gómsætir réttir urðu til úr frumstæðum hráefnum og runnu ljúft ofaní svanga ferðalanga sem lágu í makindum sínum ofaní heitum svefnpokum. Við hlustuðum á sögur hvers annars, sögur af hetjudáðum sem einstaka menn áttu, draugum og óvættum sem áttu sterkar rætur til Hvalfjarðar. Og út frá þessum sögum sofnaði maður værum blundi, í þessum skála sem svo oft áður hafði skýlt okkur fyrir vetrarveðrum.

Morguninn eftir var tekinn snemma. Þessa nótt hafði sig enginn framúr til að bæta á kabyssuna og hafði því sloknað á henni og var því hitastigið í skálanum eitthvað undir frostmarki. Menn drifu sig á fætur og komu eld í hana til að kynda skálann. Við vissum að það átti að blása stíft af norð-vestan seinnipartinn þannig að við ákváðum að halda niður í Botnsdalinn fyrir hádegi. Um ellefu leytid vorum við klár en tveir af okkur voru með skiði með sér og ætluðu að ganga upp í hlíðar Miðsúlunnar til að ná sæmilegu rennsli út dalinn. Við lokuðum því skálanum og þar skildust leiðir okkar, og sjö manna hópur hélt fótgangandi niður dalinn. Ferðin sóttist ágætlega út dalinn en fljótlega eftir að við lögðum af stað lagðist yfir okkur skafrenningur sem byrgði sýn. Við litum þó reglulega til baka í von um að sjá skiðagarpana tvo en urðum ekki vör við þá. Þegar við náguðumst dalsmynnið var veðrið orðið það slæmt að við gengum skáhallt upp í vindinn sem skóf snjó beint á okkur. Við áttuðum okkur á því að þetta veður var að skella á fyrr en spáin hafði sagt til um og ákváðum því að halda hópinn og ganga þétt saman niður í móti. Ég hugsaði um hve gott vinir okkar tveir hefðu það, eflaust komnir niður og farnir að ylja sér við miðstöðina í bílnum. Á Leggjjarbrjótum var orðið það hvasst að við vorum nánast farin að skríða á móti vindinum sem var beint í fangið. Við vorum komin með áttavitan á loft auk GPS tækis sem voru heldur frumstæð á þessum árum. Það var það blint að við sáum rétt göngustafs vegalengd frá okkur. Við gerðum okkur grein fyrir því að bílstjórinn biði okkar í Botnsdalnum þar sem klukkan var orðin fjögur en enn áttum við langt eftir. Við vorum með gamla VHF talstöð og reyndum að kalla í bílinn og láta vita af okkur en sennilega hafa rafhlöðurnar verið orðnar tómar í kuldanum. Vindstyrkurinn þennan dag upp á Leggjjarbrjót var upp á 12 gómul vindstig og vegalengdin sem við höfðum farið þarna með herkjum á 4 klukkustundum jafngilti vegalengd sem er venjulega genginn á 30-40 mínútum á góðum degi. Við héldum áttavitanum alveg upp að andlitinu og héldum af stað. Við vorum nánast skríðandi á móti vindinum þar sem hann var svo hvasst að hann hefði getað feykst manni langa vegalengd ef maður hefði gefið honum færi á. Okkur miðaði hægt áfram og töluvert var nú dregið af hópnum. Ég gekk fremstur ásamt vini mínum sem var ef til vill einu til tveimur skrefum á undan. Allt í einu var eins og



jörðin gleypiti hann og hvarf hann sjónum mínum. Ég rýndi út í sortan og sá hann hvergi, ég áttaði mig á því að ég stóð á klettabrún. Ég sneri mér við öskraði að hann hefði fallið niður. Við grófum snjósæti í skyndi og settist einn þar og slakaði mér fram af. Ég hafði ekki hugmynd hversu langt þetta sig yrði eða hvort línan dyggði yfir höfuð. Ég hugsaði með mér að við hlytum að vera komin af leið því ekki mundi ég eftir neinu þessu líku í landslaginu. Skafrenningurinn gerði það að verkum að ég sá ekkert fram fyrir mig. Sigið virtist endalaust og loks var ég kominn með jörðina undir fæturnar. Ég sá þarna skammt undan glitta í félagi minn en hann hafði endastungist í snjóskaft. Lappirnar stóðu þarna upp úr og dingluðu. Innra með mér fann ég mikla orku brjótast út að sjá hann þarna spriklandi, ég dró hann uppúr og þá tjáði hann mér að hann hefði verið með höfuðið hálf ofan í læk. Þarna ofan í gilinu var aðeins minna rok og fundum við leið upp aðeins ofar og sameinuðum hópinn aftur.

Þarna var hópurinn orðinn frekar þrekaður og sáum við aðeins eina leið færa þar sem okkur miðaði ekkert áfram, sú var að grafa skýli, því að halda áfram í þessu veðri virtist ógerlegt. Við fundum gilskorning og hófumst handa við að grafa tvær holur sem áttu að veita okkur skjól. Við grófum og grófum en okkur varð ekkert ágengt, slíkur var skafrenningurinn að hann skóf sífellt nýjum snjó í stað þess sem við mokuðum. Við sáum að hópurinn var að kólna all verulega við að sitja þarna og ákváð hópurinn því að halda ferðinni áfram og reyna að komast niður. Efir að hafa gengið all nokkra stund fór leiðin að liggja niður í móti og veðrið fór aðeins að skána. Við voru núna stödd í skógi vöxnum dal og miðaði bara vel áfram. Ég vissi að bílstjórnin sem beið okkar í Botnsdalnum var eflaust orðinn mjög óþreyjufullur enda var klukkan orðin rúmlega átta að kvöldi en við vorum búin að mæla okkur mót klukkan fjögur. Veðrið var nú alveg gengið niður og

vorum við á arkinu í snjó upp að lærum út þennan dal. Við sáum ljós í fjarska og töldum víst að þarna biði bíllinn eftir okkur. Við áttuðum okkur á því að við höfðum hrakist niður í Brynjudal undan veðrinu en Brynjudalur liggur við hliðina á Botnsdal. Ljósinn nálgudust er við gengum áfram og nú loks eftir margar klukkutíma barning í vondu veðri tók hópurinn gleði sína á ný eins og ekkert hefði í skorist. Við gengum nokkra kílómetra og komum þar að bænum Ingunnarstöðum. Ákveðið var að ég myndi kanna hvort einhver væri heima. Ég knúði þar dyra og var vel tekið á móti mér, húsfreyjan bauð inn og spurði ég hvort ég fengi afnot af símanum. Ég hringdi beint niður í Hjálparveitarhús og þar svaraði Kjartan þáverandi formaður sveitarinnar. Hann var glaður að heyra frá okkur og sagði að bíllinn hefði beðið okkar allan seinnipartinn inni í Botnsdal. Ég spurði því næst hvort skíðagarparnir væru ekki löngu komnir en Kjartan kvað svo ekki vera. Mér snöggbra við að heyra þetta enda hafði ég allan daginn gert ráð fyrir því að þeir hefðu komist undan veðrinu niður í bíl langt á undan okkur. Kjartan sagði mér að bíða við símann þar sem ég fengi símtal frá Landsstjórn björgunarsveitanna innan skamms, það átti að fara að leita að skíðamönnum. Ég lagði á og á þessum mínútum sem ég beið eftir símtalinu fóru ótal hugsanir í gegnum huga minn, hvernig gat þetta gerst, af hverju héldum við ekki hópinn, þeir hljóta að vera rétt ókommnir niðri bíl. Þá hringdi síminn og Þorsteinn þáverandi formaður landsstjórnar var á línunni. Hann kannaðist ég vel við í gegnum starf björgunarsveitanna. Vildi hann fá að vita allt um hvernig strákarnir væru búnir, hvort þeir hefðu tjald og mat með sér o.s.frv. Með þessar fréttir fór ég svo út á hlað og færði hópnum. Það dró heldur niður í hópnum að heyra þetta en við sannfærðum okkur um að þeir væru eflaust komir langleiðina niður eða væru einhverstaðar í öruggu skjóli. Bíllinn frá hjálparveitinni kom fljótlega og flutti okkur heim á Skaga. Í hjálparveitarhúsinu tóku fjölskyldur okkar á móti okkur og voru málin rædd yfir heitu kakói. Uppi á Leggjarbrjót voru nú vel á fjórða hundrað manns að leita að skíðagörpunum. Þegar ég fór heim um miðnætti var enn ekkert að fréttu og þegar ég lagðist á koddan um nóttina gekk mér ekkert að sofa svo ég las bókina um Everest leiðangur Hillarys frá árinu 1953 sem svo oft áður.

Strax morguninn eftir fékk ég þau ánægjulegu tíðindi að drengirnir hefðu fundist í litlu snjóhúsi inn við Hvalvatn um kl. fjögur um nóttina. Ólasaðir en hraktir. Þeir höfðu lent í svipuðum hrakningum og við en farið af leið og grafið sér skýli þar. Það létti heldur yfir mér og seinna um daginn kom hópurinn saman og sagði sögur af mannaunum gærdagsins.

Átta mánuðum síðar eða í október sama ár gengum við þessa sömu leið niður úr Botnssúlum gagngert til að kanna þessa leið sem við höfðum farið þennan dag og til að finna klettabrúnina sem félagi minn féll fram af. Við stóðum svo á þessari klettabrún síðla dags í október og horfðum niður, þetta voru einir 15-17 metrar sem hann hafði fallið og viti menn þarna í botninum lá isexin og vettlingurinn sem hann hafði misst í fallinu.

Þessi saga gleymist seint enda hefur hún verið óspart rifjuð upp eftir þetta og þó sérstaklega síðla kvölds er komið er ofan í poka upp í Bratta í Botnssúlum.

Þegar „Hjálpin“ var næst

Þór Magnússon, Gufuskálum
Fyrirverandi formaður Hjálparinnar

Þegar farið er að rifja upp gamla tíma þá koma góðu stundirnar oftast fyrst upp í hugann. En fljótlega rifjast upp að það skiptust á skyn og skúrir í starfsemi alveg eins og í lífinu almennt. Á árunum upp úr 1980 og fram undir 1990 þegar ég starfaði með Hjálpinni var talsverður umrótatími bæði hvað varðaði slysfarir og veðurfar sem og innra starf og uppbyggingu sveitarinnar. Hjálpin var eins og flestir vita ein af björgunarsveitum Slysavarnafélags Íslands stofnuð 1928 eða sama ár og félagið og því ein elsta björgunarsveit landsins. Þegar ég hugsa til baka þá sé ég fyrir mér hóp ungra ævintýranna sem höfðu ofurtrú á sjálfum sér og hver á öðrum. En þetta voru umfram allt duglegir strákar og stundum nokkrar stelpur sem létu hendur standa fram úr ermum og voru tilbúin að leggja á sig mikla vinnu í þágu sveitarinnar og samfélagsins. Auk ungu ofurhuganna bar okkur gæfa til að halda í eldri og reyndari félaga sem reyndu að stýra þessum ákafamönnum og héldu fast í ávísanaheftið að minnsta kosti fyrst um sinn. Það reyndi talsvert á sveitina þennan tíma sem ég starfaði með henni. Sjóslýs, drukknanir, leitir að týndum flugvélum og rjúpnaskyttum auk fjölda óveðursútkalla, voru meðal verkefna sem við sinntum. En eins og ég sagði í upphafi voru það góðu stundirnar sem stóðu uppúr og svo auðvitað að geta orðið að liði og finna þakklæti samborgaranna. Hér á eftir ætla ég að segja frá nokkrum skemmtilegum atvikum sem tengjast aðallega æfingum og ferðum sem voru ófár á þessum árum. Ég vona að félagar mínir virði það við mig að eitthvað gæti hafa skolast til um hverjir komu við sögu í hvert og eitt skipti.

Það var einhverju sinni síðla sumars að við sáu í fréttunum að Hagafellsjökull hafði hlaupið fram og brotnað upp með þvílíkum tilþrifum að Ómar Ragnarsson þáverandi sjónvarpsfréttamaður sem flaug yfir og tók myndir, átti vart orð til að lýsa hamförnunum. Það var eins og við manninn mælt, stefnan var sett þangað strax næstu helgi og ákveðið að skoða þetta í návígi enda fannst okkur þetta vera á okkar heimavelli, höfðum farið talsvert um í nágrenni Langjökuls áður. Þeir sem fóru þessa ferð voru eftirtaldir: Heiðar Sveinsson, Einar Brandsson, Kristinn Einarsson, Kristján Jónsson, Jón Óskar Ásmundsson, Einar Ólafsson bílstjóri og undirritaður. Ákveðið var að gista í skála ferðafélagsins við Hagafell í eina nótt en fyrst var ákveðið að ganga á hlaupandi jökulinn. Á leiðinni austur komum við að bíl sem var fastur í Sandá sem kemur úr Sandárvatni. Þetta voru hjón á Bronco eða Scoutjeppa að mig minnir, en ég man sérstaklega eftir því hve fegin þau voru að sjá okkur því mjög fáir voru á ferð á þessum slóðum. Eftir að hafa dregið þau á þurrt, fórum við yfir ána á réttu vaði en þau höfðu villst af slóðanum og lent í sandbleytu. Þegar við lögðum í hann á jökulinn var grenjandi úrhelli og skyggni frekar takmarkað. Við



skildum við Einar bílstjóra framan við lónið og gengum sem leið lá austur fyrir það og réðumst til uppgöngu. Okkur gekk ágætlega til að byrja með, allir á broddum með ísaxir og tryggðir í einni línu. Af og til heyrðum við mikla skruðninga og gerðum okkur grein fyrir að það var veruleg hreyfing á jöklinum. Eftir talsvert rölt upp í jökulinn og þar sem rigningin jókst og slagviðrið buldi á okkur ákváðum við að leita skjóls undir smá ísvegg og sjá hvort ekki væri hægt að bíða af sér mestu demburnar. Þarna stöndum við allir saman í hnapp þegar skyndilega heyrst mikill smellur undir okkur og sprungan sem Jón Óskar og Kristján stóðu klofvega yfir lokast og upp kemur gosbrunnur á milli þeirra. Þegar hér var komið sögu var aðeins farið að fara um suma, við gátum svo sem sætt okkur við lóðréttu og láréttu rigningu en frekar er hún orðin óþægileg þegar hún kemur uppundir og það af þessum firnakrafti. Svo það var ákveðið að taka sveig inn á jökulinn og svo út af austur jaðri hans. Þegar við vorum komnir talsverðan spöl rákumst við á yfirgefna ísexi í einni dældinni. Við fórum tveir niður og sóttum exina og leituðum síðan nokkra stund að eigandanum en sem betur fer var hann ekki sjáanlegur því exin var komin nokkuð til ára sinna. Þegar hér var komið sögu var Einar bílstjóri nánast í áfalli. Hann reyndi að kalla á okkur á CB rásinni en við svöruðum ekki enda vorum við komnir úr sambandi bak við ísblökkirnar. Ástæðan fyrir að hann var nánast búinn að afskrifa okkur var sú að þegar við kvöddum hann þá staldráði hann aðeins við og horfði síðan á eftir okkur hverfa inn í gráan, illúðlegan og brakandi jökulinn. Hann ákvað svo að ganga að bílnum og bíða þar. Þar sem hann gekk upp jökulölduna framan við lónið heyrði hann þessar líka drunur fyrir aftan sig. Hann leit við og sá þá stóran hluta jökulsporðsins velta út í lónið svo úr varð nokkurra metra há alda sem skall á bakkanum hans megin og átti hann fótum fjör að launa. Hann rétt slapp við að blotna af öldunni en svitnaði hinsvegar svo um munaði, bæði af áreynslu og hræðslu. Svo fór hann að hugsa til okkar og hvernig okkur hefði reytt af. Hann margkallaði í stöðina en ekkert svar. Það voru svo fagnaðarfundir sérstaklega að hálfu Einars nokkrum

tímum síðar þegar við komum til baka, holdvotir en brosandir út að eyrum. Þegar við komum síðan í skálann var þar komið ungt franskt par sem var búið að koma sér vel fyrir eins og þau ættu kofann skuldlausan. Sjaldan held ég að önnur eins innrás hafi verið gerð í líf þeirra þegar þessi litli notalegi skúr fylltist af karlmönnum sem berháttaðu sig enda ekki þurr þráður nokkurs staðar. Ekki var laust við að færi eilítið um gaurinn en hún lét sér vel líka. Síðan var farið að huga að eldamennsku og þá vantaði ferskt vatn. Þannig háttar til við Hagafellið að skammt frá skálanum rennur Farið sem er jökuláin sem kemur frá Hagafellsjökli. Þar nærri er enginn lækur eða bergvatn og þó rignt hafi eldi og brennisteini skömmu áður var ekki dropa að hafa á svæðinu. Það var því sest upp í Rally wagoninn og ekið niður eftir til að finna góðan læk. Þegar þeir sem fóru að sækja vatnið komu til baka með ferskvatnið voru frönsku skötuþjúin að gæða sér á dýrindis súpu og einhverri suður evrópskri kássu og voru jafnframt búin að hella á könnuna. Við vorum hálf skömmustulegir að hafa farið yfir lækinn að sækja vatn, og svo þegar við spurðum þau frönsku hvar þau hefðu fundið vatn þarna í nágrenninu, þá bentu þau brosandi í átt að kolmórauðri jökulánni og sögðu einum rómi „in the river”. Um nóttina sváfu allir vært framan af en svo kom að því að við vöknum við að Heiðar hentist út á gólf með miklum hræringum og hávaða. Sem betur fer hafði hann valið sér neðri koju og fallið því ekki hátt. Aðspurður um hvað gengi á þá vaknaði hann við að einhver þessa heims eða annars vildi fá kojuna hans hér og nú og ekkert múður. Enginn okkar kannaðist við að hafa rekið hann úr rúminu og frakkarnir bærðu ekki á sér á skörinni fyrir ofan, þannig að ekki fékkst viðhlítandi skýring á þessum gauragangi. Friður komst síðan á aftur og engum varð meint af. Heimferðin daginn eftir var síðan tíðindalítill en jökullinn var okkar.

Á sjómanna daginn var alltaf botnlaust að gera hjá sveitinni. Það var sigið af sementstönkunum, stokkið í sjóinn og björgun sýnd með fluglínutækjunum, bátasýningar og margt fleira brallað. Einn sjómanna daginn vorum við að síga með börur utan á einum sementstanknum. Kristján Jónsson var í börunum en ég átti að síga með þær niður en einvala lið var uppi til að slaka okkur af öryggi. Við byrjuðum á að láta börurnar útfyrir brúnina og síðan steig ég á kantana á börunum og fór þaðan útfyrir og loks undir þar sem ég hélt þeim frá veggnum og við sigum síðan niður. Þegar niður kom var klappað fyrir okkur enda gekk allt eins og í sögu, nema að þegar við erum að losa okkur vindur sér að mér lítill stúlka og húðskammar mig fyrir að ganga ofan á sjúklingnum, svoleiðis gerir maður bara alls ekki.

Svo var komið að því að skjóta línu út í Bjarna Ólafs sem lá við miðbryggjuna. Þá var komið að þætti Sigurðar Vésteinssonar. Sigurður var einn okkar traustasti félagi og búinn að starfa mjög lengi í sveitinni, mjög vandvirkur og reynslubolti á flestum sviðum. Það var ekki á allra færi að meðhöndla Kongsberg riffilinn sem notaður var til að skjóta flaugunum en Sigurður var skyttan okkar á þeim árum. Gallinn við Kongsberginn var að erfitt var að fá skot og rakettur og því var ævinlega notað það elsta sem

til var á æfingum og sýningum eins og á sjómanna daginn en nýjustu flaugaranar geymdar til að nota við skipsströnd eða björgun. Gömlu flaugarnar áttu það nefnilega til að sveigja aðeins af leið, en þó töldum við ekki að það væri það mikið að hættu gæti stafað af. Svo er komið að því að skjóta og Sigurður mundaði Kongsberginn, miðaði vel upp yfir og í stefnu á frammastrið á Bjarna sem var í 130 metra fjarlægð. Búmm.... og flaugin af stað, byrjar ágætlega en tekur svo stefnu beint upp í loftið og er þá búin að brenna af sér línuna, síðan yfir okkur og yfir neðri Skagann með stefnu á Slippinn og spurðist aldrei til hennar meir. Við þessir yngri vorum að springa úr hlátri en Sigurði var sko ekki skemmt, þetta var stóralvarlegt mál sem hefði getað endað illa. Síðan liður talsverð stund þar til aftur var reynt, búmm.... og flaugin strýkur hafflötinn og dúndrar síðan með þvílíkum krafti í byrðinginn á Bjarna rétt ofan við sjólinu svo að drundi yfir mannfjöldann. Þá heyrðist í einum útgerðamanninum „Sigurður, ertu orðinn kolvitlaus maður, ætlarðu að sökkva Bjarna hér á besta stað í höfninni”? Þegar hér var komið sögu krafðist Sigurður þess að fá nýja flaug ef þessi sjómanna dagur ætti ekki að enda með ósköpum. Honum varð að ósk sinni og þriðja tilraun heppnaðist frábærlega, smurði línunni eins og honum einum var lagið rétt framan við frammastrið.

Það var svo einhverju sinni að við vorum beðnir að bjarga eða farga lambi sem var í sjálfhældu ofarlega í klettum í sunnanverðu Akrafjalli. Við vorum heldur fírir í þessu verkefni og lambið eins og venjulega á allt annarri skoðun en við um hvert það ætti að halda. Auk þess hafði það talsvert langa en mjóa syllu sem það gat hlaupið eftir. Þetta dróst á langinn og það var byrjað að rökkva og rigna þegar oddvitinn sem var staddur í Landrovernum sínum niður á vegi kallaði í stöðina og bað okkur að skjóta lambið frekar en að setja okkur í meiri hættu við að reyna að ná því. Ég held honum hafi ekkert litist á hlaupin hjá Heiðari eftir örmjórri syllunni og a.m.k. 80 metra þverhnípi undir og síðan nokkur hundruð metra skriður. Við máttum það svo að vegna aðstæðna var útilokað að ná því nema fá meiri mannskap og búnað. Svo það varð úr að ákveðið var að skjóta það. Við vorum með 22 kalibera riffil sem ekki hafði verið skotið úr í langan tíma og hafði sennilega verið geymdur á einhverjum fjóshaug svo árum skipti. Ég tók að mér að skjóta og eftir fyrsta skotið af 30 – 40 metra færi horfði lambið á mig með sama sauðasvipnum og ekki laust við að vottaði fyrir vandlættingarsvip. Aftur skaut ég og þá fór kúlan yfir, sami svipur á kvikindinu og ég orðinn hálfóstyrkur en taldi mig samt búinn að læra á sigtið.

Í þriðju tilraun hitti ég eins og til stóð og lambið fór niður og þar með lauk þessu brólti sem hafði staðið í þó nokkurn tíma, en þó tekist hefði að króa það af er óvist að það hefði látið ná sér því við höfðum áður séð kindur óhikað stökkva í opinn dauðann frekar en að nást. Þegar ég kom svo heim um kvöldið og geng inn í eldhús og ætla að fara að setjast þá blasir við mér sami sauðasvipurinn á diskni á miðju eldhúsbordinu, þessi var reyndar aðeins dekkri en ég get svarið að augnaráðið var það sama. Á þessum árum var þetta mjög sjaldgæf sjón á mínum bordum en kom þó skemmtilega á óvart í þetta sinn.

Hvað er Tetra ?

Tetra er stafrænt talstöðvakerfi með símamöguleika sem er hannað fyrir þarfir viðbragðsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Tetra fjarskiptakerfið er fyrst og fremst talstöðvakerfi og hannað sem slíkt. Það þýðir að virkni og uppbygging kerfis er hönnuð fyrir talstöðvasamskipti aðallega, en símavirknin er jaðarvirkni sem gott getur verið að hafa aðgengi að.

Tetra sem talstöðvakerfi er mjög öflugt miðstýrt hóp fjarskiptakerfi sem stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök eða einstaklingar geta nýtt sér sem stjórnþæki fyrir hröð og örugg samskipti milli einstaklinga og hópa ásamt flotastjórnun eða eftirliti með hjálp ferilvöktunar.

Tetra kerfið er stafrænt og því ekki hleranalegt líkt og gamla VHF kerfið. Tetra er einnig miðstýrt kerfi sem gerir það að verkum að hægt er að fylgjast með allri notkun í miðstjórn kerfisins.

Hver Tetra stöð hefur sitt símanúmer sem hægt er að hringja úr og í innan Tetra kerfisins og einnig yfir í önnur símkerfi innanlands.

Tetra stöðvar má einnig nota utan þjónustusvæðis kerfisins í beinu sambandi (DMO) við aðrar Tetra stöðvar með sömu talhópa.

Hvar er Tetra?

Tetra kerfið er byggt upp á miðstýrðum sendum sem settir eru upp á fjölmörgum stöðum á landinu. Allir þessir sendar eru svo samtengdir við aðal eininguna sem


stýrir fjarskiptum á öllum sendum og samræmir þannig upplýsingaflæðið. Notendur þurfa að vera í sambandi við einn sendi til að geta átt samskipti við aðra notendur tengda öðrum sendum.

Uppbygging Tetra kerfisins gengur hratt og má segja að kerfið hafi verið byggt upp á tveimur árum á Íslandi en eins og má sjá á meðfylgjandi mynd sem sýnir útbreiðslu 22. ágúst 2008.

Af hverju Tetra?

Með notkun á Tetrakerfinu fást góðir tæknimöguleikar sem ekki eru til staðar í núverandi VHF kerfi björgunarsveitanna. Má þar nefna möguleikann á að hringja einkasímtal á milli tveggja Tetrastöðva svo og símtöl í almenna símkerfið. Talstöðvamöguleikinn gerir okkur kleift að tala saman á landsvísu þannig að allir sem stilltir eru á sama talhóp geta hlustað og talað saman séu þeir í sambandi við Tetrakerfið. Í Tetrakerfinu er einnig innbyrðis textaboðskerfi svo og möguleiki á stöðuskilaboðum. Ljóst er að möguleikar Tetra kerfisins eru fjölmargir.

Með Tetra kerfinu geta björgunarsveitir í fyrsta skiptið verið í samskiptum á landsvísu. Sem þýðir það að með handstöð eða bílstöð geta björgunarmenn talað landshorna á milli í miklum gæðum á lokuðu fjarskiptakerfi. Björgunarmenn geta átt samskipti við aðra



Blái liturinn táknar útbreiðslu Tetra

Útköll 2008

björgunarmenn og skapað þannig samvinnu á landsvísu óháð staðsetningu.

Aðgerðalega séð verður hver björgunaraðgerð á landsvísu, allar sveitir sem eiga einingar í stórrí aðgerð geta fylgst með framgangi aðgerða og komið betur undirbúna til aðgerðar á síðari stigum þar sem upplýsingaflæði úr aðgerðum verður mun markvissara en áður hefur verið. Með ferilvöktuninni sem er í Tetra kerfinu mun nást betri yfirsýn yfir aðgerðir.

Björgunarsveitir hafa alltaf verið vel búnar fjarskiptalega og er okkar öflug VHF kerfi og talstöðvæign sveitanna sönnun á því. Tetra kerfið er öflug viðbót og er ætlunin að geta tengt saman VHF fjarskipti og Tetra fjarskipti þar sem við á og unnið þannig á einu fjarskiptakerfi í tveimur hlutum ef segja má svo. Ljóst er að VHF kerfið næst á sumum stöðum þar sem Tetra nær ekki til og svo öfugt en með rétttri samtengingu má ná fram enn betra og stærra þjónustusvæði með þessum tveim kerfum.



Mars 2008

Leit að fullorðnum manni á Akranesi

16.03.2008 00:20:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 01 Svæði 04

Leitað að tveim vélsleðamönnum

30.03.2008 03:20:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 04

Apríl 2008

Vélarvana bátur

28.04.2008 08:32:00 - Aðstoð á hafsvæði - Svæði 04
Margrét Guðbrandsdóttir kölluð út vegna 10 tonna vél-arvana báts 14 sjómílar vsv af Akranesi.

Mái 2008

Jarðskjálfti vestur af Selfossi

29.05.2008 15:59:00 - Náttúruhamfarir - Svæði 01 Svæði 02 Svæði 03 Svæði 04 Svæði 16

Leit að konu

30.05.2008 02:24:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 01 Svæði 02 Svæði 03 Svæði 04

Júní 2008

Júlí 2008

Leit að manni

14.07.2008 02:18:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 04
Lögregla biður um leit að manni sem er talinn hafa fallið í sjóinn.

Leit að barni við Viðgelmi

19.07.2008 14:57:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 04

Leit að manni í Esju

24.07.2008 12:02:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 01 Svæði 02 Svæði 03 Svæði 04

Bátur á hvolfi á Skorradalsvatni

29.07.2008 15:03:00 - Björgun - Svæði 04

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa blaðs

Sjúkrapjálfun Georgs Júlíussonar

Jónas Geirsson Tannlæknir

Sýslumaðurinn Akranesi

Jón Þorsteinsson

Vatnshrúturinn ehf

Pípulagnaþjónusta

Hárstill ehf

Guðrún og Björn

Trocadero

Verslunin Einar Ólafsson

Straumnes

Rammar og Myndir

Model ehf

Úra og skartgripaverslun

Guðmundar B. Hannah

PK Iagnir ehf

Skagaverk ehf

Sölu og Þjónustumboð fyrir

Honda og Peugeot

Smurstöð Akraness

Skaginn hf

Þorgeir og Ellert hf

Útköll 2008

Ágúst 2008

Vélarvana bátur við Faxasker á Faxalóa

15.08.2008 07:03:00 - Aðstoð á hafsvæði - Svæði 01 Svæði 04

Slöngubátur á reki í Hvalfirði

29.08.2008 17:55:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 04

Október 2008

Bátur fékk brotsjó á Faxalóa

21.10.2008 19:03:00 - Aðstoð á hafsvæði - Svæði 01 Svæði 02 Svæði 04 Svæði 05

Nóvember 2008

Aðstoð við slasaðan mann við Hallkelstaðahlíð

01.11.2008 15:08:00 - Aðstoð á landi - Svæði 04

Leit að rjúpnaskyttu við Langavatn

02.11.2008 19:18:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 04 Svæði 05

Leit að tveimur 10 ára drengjum

23.11.2008 14:12:00 - Leit að týndri persónu - Svæði 04


Leit að manni á Skáldabúðarheiði

29.11.2008 - 07.12.2008 - Leit að týndri persónu - Svæði 01 Svæði 02 Svæði 03 Svæði 04

Desember 2008

Óveður um allt landið. 12.2008 - 19:48 - Aðstoð á landi - Svæði 04

Eftirtöldum aðilum er þökkuð samvinnan og aðstoð við rekstur
Björgunarfélags Akraness 2007



ALDREI MEIRA ÚRVAL FLUGELDA

MÖGNUM BRENNUGOS



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



SIYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

– berst fyrir lífi þínu

Ferðasaga af fjallamennsku í North Cascades

Ársæll Þór Jóhannsson og Belinda Eir Engilbertsd

Þann 14. ágúst 2008 lögðum við skötuhjú Ársæll og Belinda af stað á námskeið sem að við vorum búin að hafa augastað á í heilt ár. Okkur hafði fyrst verið bent á það um ári áður af vinkonu okkur og féлага í björgunarfélaginu henni Helgu Maríu og eftir það var ekki aftur snúið. Með dyggri aðstoð Landsbjargar og Björgunarfélags Akraness rættist draumurinn ári síðar. Námskeiðið var tæplega tveggja vikna, vetrar fjallamennskunámskeið í North Cascades þjóðgarðinum, í Washington fylki í Bandaríkjunum á vegum International Wilderness And Leadership School (IWLS.com). Það er leiðsögumannaskóli Alaskan Mountain Guides sem hefur boðið uppá ferðir um óbyggðir Alaska og á ýmsa hæstu tinda heims í yfir einn og hálfan áratug. Við höfum bæði brennandi áhuga á útivist og fjallamennsku og litum við því á þetta sem kjörið tækifæri til þess að auka færni okkar og menntun á því sviði. Við höfum undirbúning fyrir námskeiðið um fimm mánuðum áður og gengum reglulega á þessi helstu fjöll hérna í nágrenni Akraness og Reykjavíkur, ásamt því að fara einu sinni á Hvannadalshnjúk.

Námsefni námskeiðisins er gífurlega fjölbreytt og miðar að því að veita fólki sem hefur áhuga á að gerast fjallaleiðsögumenn undirbúning og reynslu til þess. Það var farið í allt frá undirbúningi lengri sem styttri ferða yfir í sprungubjarganir og jöklafræði. Á námskeiðinu var aðeins einn annar nemandi, svo að við vorum aðeins þrjú með tvo leiðbeinendur. Þannig að við fengum mikla og góða kennslu. En þar sem að við vorum aðeins fimm og þurftum að bera allan búnað, mat og eldsneyti fyrir 10 daga uppá fjöllum, þá var þetta ansi mikið sem að hver þurfti að bera og því allur óþarfi skorinn niður.



Já sæll!! bíddu á ekki að vera sól og sæla í ágúst ?



Belinda Eir og Ársæll

Það er ekki frá því að manni hafi ekkert litist á það þegar að leiðbeinendurnir voru búinir að fara í gegnum búnaðinn okkar kvöldið áður en við lögðum af stað og um helmingur af því sem við höfðum hugsað okkur að taka með sér varð að vera eftir. Þetta kenndi okkur bara að ef að þörf krefur þá er virkilega hægt að komast af með lítinn búnað. Maður var reyndar feginn daginn eftir þegar að við komum á staðinn þar sem við settum upp grunnbúðir eftir um sex tíma göngu. Hluta til í gegnum þrönga og bratta stiga sem lágu í gegnum þéttvaxinn regnskóg, að hafa ekki verið að burðast með einhvern óþarfa því að nógu þungir voru pokanir. En þrátt fyrir þetta þá þurftum við að fara niður eftir fimm daga til að sækja okkur mat og eldsneyti fyrir restina af ferðinni. Við slógum upp tjaldbúðum uppá jökli í um 2.300 metra hæð og þessar búðir voru svo heimili okkar næstu 10 daga. Við þurftum þó einu sinni á þessum 10 dögum að færa búðir okkar lítilega eftir að hafa hrokkið upp við það einn morguninn að ísklumpur hafði fallið niður úr fjallshlíðinni fyrir ofan og endað nær tjöldum okkar en þægilegt gæti talist. Fjöllin og umhverfið þarna eru miklu stórbrotnara en maður er vanur hérna heima og því mikil upplifun bara að vera þarna. Helsti kosturinn sem við teljum við námskeiðið er hversu „Hands on“ það er, hlutirnir eru kenndir við raunverulegar aðstæður og maður þurfti jafnt og þétt að vera beita þeirri þekkingu sem að maður aflaði sér út námskeiðið í þessa tíu daga. Gott dæmi um þetta var t.d þegar að við vorum að æfa sprungubjarganirnar þá skiptumst við á að láta hvert annað síga ofaní sprungur



Stórbrotið landslag í North Cascades

þarna á jöklinum og framkvæma svo bjarganirnar með lágmarksbúnaði, til að reyna að líkja sem mest eftir raunverulegum aðstæðum. Einnig voru þarna góðar aðstæður til að æfa ísaxarbremsu fyrir föll af öllu tagi og til að reyna að lesa út hvar sprungur geta mögulega leynst við leiðarval yfir jökul. Einnig fengu allir tækifæri til að spreyta sig á ekki síður nauðsynlegum en minna „glamorous“ hlutum fjallamennskunnar einsog að sjá um heita drykki og mat. Ekki var þó einungis farið í praktíska hluti þarna á námskeiðinu þar sem að við gengum einnig á tinda nálægt grunnbúðum okkar og fórum í isklifur.

Námskeiðið reyndi ekki síður á andlega en líkamlega, enda það eitt að þurfa að vera í sömu nærbuxunum í tíu daga sennilega nægilegt til að fá ófá hörkutólin til að vökna um augun. Vegna aðstæðna þarna í North Cascades þar sem að heitt loft af hafi úti rekst á há fjöll um leið og það kemur að landi og snöggkælist, eru snöggar sviptingar þarna í veðri og þá daga sem að við vorum þarna fengum við sko aldeilis að kynnast því. Fengum við veður af öllum gerðum allt frá blankandi sól yfir í blússandi snjókomu og allt þar á milli. Einnig urðum við vitni að miklu sjónarspili þarna fyrstu nóttina er þrumuveður gekk yfir svæðið en sökum þess hve lágskýjað var þá gátum við horft niðrá það úr tjaldbúðum okkar.

Vegna veðurs þá gátum við suma daga aðeins verið úti í nokkra tíma í senn yfir daginn og ekki frá því að það hafi verið komið nokkuð hressilegur ilmur í tjaldið þarna síðustu daganna. Þá var ekki frá því að það laumuðust að manni hugsanir um hvað í ósköpunum maður væri búinn að koma sér í er maður lá inni tjaldi ofan í svefnpoka

í þeim fáu þurru fötum sem maður átti, með blautu sokkana undir handakrikunum og blautu vettlingana í botninum á pokanum í bjartsýnis tilraun til að þurrka þetta. Ófáir klukkutímarnir fóru í það að stara á loftið í tjaldinu, leysa sudoku og lesa þá einu bók sem að við tókum með okkur. Í hvert skipti þó sem að maður komst út og þeir dagar sem að við fengum sól voru þó biðarinnar vel virði. Auk þess segja margir reyndir fjallamenn að stór hluti af fjallamennskunni fari í það að bíða eftir að veðurskilyrði verði rétt til þess að menn geti tekið toppinn. Þess vegna er það sennilega ágætt að maður æfi sig í því líka.

Eftir að hafa sofið á hörðu og ójöfnu undirlaginu í tjaldinu í tíu daga þá var það vægast sagt unaðslegt að komast til baka á hótelið og geta skellt sér í sturtu og sofið í rúmi. Ferðalög sem þessi kenna manni mun betur að meta þau þægindi sem að maður tekur sem sjálfsögð í sínu daglega lífi. Við vorum gífurlega ánægð með námskeiðið og ferðina í heild og eigum örugglega eftir að sækja fleiri námskeið sem þetta í framtíðinni. Leiðsögumennirnir voru sem hafsjór af fróðleik um ferða- og fjallamennsku og finnst okkur þetta námskeið hafa skilað sér í mikilvægri þekkingu og reynslu fyrir okkur sem mun án efa nýtast okkur vel á okkar ferðalögum og í störfum í þágu Björgunarfélags Akraness.

Við viljum þakka Björgunarfélagi Akraness og Landsbjörgu fyrir veittan stuðning.



Nokkuð sátt eftir að hafa fært tjaldbúðirnar

Óskum björgunarsveitafólki og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar og farsældar í starfi og leik á nýju ári

Síminn 



Sími



Netið



Sjónvarp